

ella færi hann í mola og þegar allt er til reiðu, setur Kristjana upp asbesthankka, tekur á hlutum með armlangri áltöng, fær einhvern af heimilisfólkinu til að taka í keðjuna sem opnar ofninn — og rennir hlutum niður í 800—900 gráða hita.

En stundum beitir Kristjana jarðbrenslu. Þá er hluturinn kældur vel og lengi. Ofninn er þá ef til vill ekki opnaður fyrr en sólarhring eftir að hann slökkti á sér. Við jarðbrenslu er notuð gróf, sem minnir á kolagröf, þar sem viðarkol eru búin til. Þessi gróf er hálfur annar metri á dýpt og henni er lokað að ofan með plötum. Hægt er að jarðbrenna marga hluti í einu; Kristjana staflar þeim í gröfina, en lætur sag, harðvið eða hrossaskít með og þessi eldsmatur er látinn brenna ofanfrá. Í þessu fódri getur lifað í heila viku; það kraumar svona eins og í kolagröf, enda er vandlega lukt yfir og hitinn í gröfinni getur orðið mikill, á að gizka 600—700 gráður.

Það er ævinlega mjög spennandi augnablik að opna gröfina, segir Kristjana; alltaf kemur eitthvað á óvart. Til dæmis sýndi hún mér tvö eða þrjú mannhöfuð, sem höfðu ekki fengið þá áferð, sem hún óskaði eftir; þau voru með þessum föla leirlit í framan, en jarðbrennslan hafði litad á þeim kollinn, svo þau voru líkt og með húfur. En þetta kemur ekki að sök; hlutir sem þannig fara, eru látnir fljóta með í næstu jarðbrenslu.

Áhættan við þessa vinnslu felst einkum í sprunguhættu og margan hefur það leikið grátt, þegar allt springur. Sú hætta er fyrst og fremst fyrir hendi í hrábrenslunni, — sé leirinn illa þurr, getur orðið hörkusprenging, og sundrar þá öðru sem í ofninum er. Þessi áhætta er einnig fyrir hendi í rakú-brenslunni.

Að leir sé notaður í höggmyndir er ekki algeng nýtt af nálinni. Terracotta-myndir eru jafn gamlar skráðum frásögnum af mannkyninu; sumar þær elztu sem um er vitað eru af frjósemisgyðjum. Þessi tækni var notuð meðal Forn-Egypta, einnig á Krít og í Grikklandi hinu forna og bæði Etrúskar og Rómverjar notuðu þessa aðferð. Það vakti athygli ekki alls fyrir löngu, þegar gróf fannst í Kína með miklu „fjölmeni“ úr brenndum leir, og þannig mætti lengi telja. Hinsvegar hefur þróunin á Íslandi og á Norðurlöndum að mestu fallið í þann farveg að gera nytjahluti úr leir.

Á þeim fjórum árum sem liðin eru síðan Kristjana kom frá námi í Arizona, hefur hún verið að þróa það sem hún lærði og á tveimur undanförunum árum að vinna að þeim verkum, sem á sýningunni eru. En hvað um tímann til þess arna; hvernig fer hún að því að sinna þessu jafnframt móðurlutverki og heimilisstörfum. Um það sagði hún:

„Það tók sinn tíma að skipuleggja vinnuna og fá tíma til þess að ganga að þessu verki jafnframt heimilisstörfum. Nú orðið er ég hörd á því að fara bara í mína vinnu úti í vinnustofu, jafnvel þótt hjá okkur séu gestir, sem búa kannski hjá okkur svo dögum skiptir eins og komið hefur fyrir. Gestirnir verða bara að sjá um sig sjálfir.“

Mér finnst fólk skilja það núna, að ég þarf að fá næði til að vinna. Að undanförunu hef ég getað verið löngum stundum úti á verkstæði, já, alla daga. Þetta er seinunnin vinna; hún krefst mikils tíma og þolinmæði. Þetta væri ekki hægt, ef maður hefði aðeins stolnar stundir til þess. Ef maður gleymir sér aðeins, þá kemur maður kannski að öllu í molum.“


En sjálf myndefnin, það sem óneitanlega skiptir máli ekki síður en útfærslan, — hvernig koma þau til Kristjónu? Um þá hlið málsins segir hún:

„Vinnan sjálf leiðir af sér nýjar hugmyndir. Ég hef nóg af hugmyndum á lager og meira en ég hef komið yfir að vinna úr. Hugmyndir fæðast á meðan verið er að vinna, — en það gerist líka, að maður setjist niður með blýant og blað. Það gerist ekki sízt, að hugmyndir komi til mín að loknum vinnudegi, þegar litið er í huganum yfir dagsverkið og á að fara að sofa, — og þá halda þær fyrir manni vöku.“


Mínar hugmyndir standa oftast í sambandi við fólk — bæði hinn ytri og innri mann. Kannski þó öllu meira þann innri. Ég vona að það sjáist, að það er verið að tjá einhverjar kenndir og að þetta eru a.m.k. stundum myndir með sálrænu inn-taki. Líkaminn — þá gjarnan kvenlíkam-



Horft á rigningu.



Kossinn.



Konumynd.

inn — er form sem hentar mér vel núna. Stundum er það aðeins höfuð og brjóst — torsó — en brjóstið er holt, að hluta opið og stundum má sjá eitthvað innanbrjósts. Ég kalla þetta myndhvörf; það vex ekki kaktus innan í manni í bókstaflegum skilningi og enginn er heldur með mörg hjörtu. Þetta er einskonar raunsæi með fantasíuivafi.“

Sumar þessara kvenmynda hefur Kristjana unnið úr leirþynnum, sem flattar eru út eins og kökudeig með kefli, sem svipar til kökukeflis. Þessar þynnur verða ákaflega vandmeðfarnar, til dæmis sem efniviður í mannsmynd. Þær hafa ekki burð í sjálfum sér og verður því að gefa þeim einhvern stuðning. Sumar þessara mynda eru útafliggjandi á stöplum úr límré, — og vegna þess að skúlptúrar á sýningum hér hafa frá gamalli tíð fremur staðið lóðréttir upp af stöplum sínum, er við því að búast að þetta þyki framandi. Útafliggjandi myndir hafa þó vissulega sést hér, enda er vist fátt nýtt undir sólinni. Má minna á í því sambandi að einn fremsti myndhöggvari heimsins, Henry Moore, hefur margo gert myndir af fólki, sem liggur útaf.

Sýning Kristjónu á Kjarvalsstöðum er fyrsta einkasýning hennar og þar af leiðandi merkur áfangi fyrir hana. En aðeins áfangi. Sú leið, sem framundan er, hefur ekki verið vörðuð, en um leirinn segir Kristjana, að hann sé tvímælalaust gott efni í skúlptúr. Hún telur að hún muni halda áfram að vinna með leir, en síðar meir stefnir hún að því að vinna í brons og aðra málma.

Gísli Sigurðsson

H L J Ó M P L Ö T U R

Selda brúðurin eftir Smetana

Á þessu ári er liðin ein öld frá andláti tékkneska tónskáldsins Smetana og 160 ár frá fæðingu hans. Hann fæddist 2. mars 1824 í Bøheimi. Faðir hans rak ölgerðarhús, en lék á fiðlu og lét sér annnt um að hlúa að tónlistargáfu sonarins. Hann lærði á fiðlu og píanó og söng í kirkjukór meðan hann var barn að aldri, og átta ára samdi hann fyrsta verk sitt — dans fyrir píanó. Foreldrar hans skiptu oft um búsetu á æskuárum Smetana, svo að námsferill hans mótadist af því. Síðast var Smetana við tónlistarnám í Prag, en sló heldur slöku við námið. Samt lauk hann námi um 1847 og fór þá í tónleikaferð sem varð þó

endaslæpp vegna fjárhagsörðugleika og það sama ár varð hann píanókennari hjá Thun-Hohenstein greifa. Smetana var virkur þátttakandi í marsuppreisninni í Prag 1848 og samdi kórlög og marsa af því tilefni, en fjárhagur hans var erfiður og hann leitad í ásjár Liszts og tileinkaði honum fyrstu tónsmíð sína (opus 1). Ári síðar gekk hann í hjónaband og var kona hans píanóleikari, en þar bar skugga á því að þrjú af börnum þeirra dóu í æsku. Árið 1856 í október settist Smetana að í Gautaborg og kom þar á fót tónlistarskóla og stjórnad í hljómsveit. Konu sína missti hann úr tæringu 1859, en kvæntist aftur ári síðar og árið 1861 fór hann frá Gautaborg og



settist að í Prag og vann þar að tónlistarmálum bæði sem hljómsveitarstjóri og einleikari á píanó. Hann lauk fyrstu óperu

sinni árið 1863 og 2 árum síðar hóf hann að semja Seldu brúðina og var hún frumflutt í Prag 30. maí 1866. Á næstu árum samdi hann fleiri óperur, en engin þeirra hefir náð sömu vinsældum og Selda brúðurin, sem kalla má Þjóðaróperu Tékkna. Fimm árum síðar var Selda brúðurin flutt í fyrsta skipti erlendis, það var í Pétursborg (nú Leningrad). Síðustu æviár Smetana voru dapurleg. Hann hrökklaðist úr starfi sínu og missti heilsuna, en fékkst þó við tónsmíðar fram undir það síðasta. Hann andaðist 12. maí 1884.

Selda brúðurin er gamanópera, sem fjallar um hjúskaparmiðlun og ástir í meinum, en allt fer þó vel að lokum. Hún gerist í sveitaborpi og sveitafólkið syngur og dansar og tónlistin sem Smetana lætur það syngja er hrifandi og gædd sérstökum þjóðlegum þokka sem ekki verður með orðum lýst.

Eins og að líkum lætur hafa Tékkar ekki látið sitt eftir liggja að leika Seldu brúðina inn á hljómplötur, ein og sú nýjasta kom út á árinu 1982. Það er

Supraphon digital 1116 3511-3, stjórnandinn er Zdenek Kosler, og hlutur hans í upptökunni er mjög góður. Gabriela Benakova syngur Marenku (Maríu), hún hefur mjög blæfagran mezzosópran og túlkar hlutverkið með ljóðrænum trega sem fellur vel að tónlistinni. Peter Dvorský syngur Jenik (Hans) og tvisöngur þeirra í upphafi óperunnar er stílhreinn og fagur. Um önnur hlutverk má segja að þar sé réttur maður á réttum stað. Ekki þarf að taka fram að hér er sungið á tékknesku.

Til er eldri útgáfa á 2 plötum, þar er sungið á þýsku, stjórnandinn er Rudolf Kempe, aðalhlutverkin eru í höndum Pilar Lorengar, Fritz Wunderlich og Gottlop Frick og það er Bamberg-sinfóníuhljómsveitin sem leikur. Enda þótt þessi útgáfa -EMI IC 149 30967/9 — sé orðin nær tveggja áratuga gömul, hefir hún haldið velli og ber þar hæst frábæran söng Wunderlichs og listfeng tók Kempes á þeirri töfraveröld sem hann seidir fram og býr að baki nótnanna.

A.K.